



Stefna um vistvæn innkaup ríkisins

Ríkið sem upplýstur vistvænn kaupandi

Mars 2009

Stefna um vistvæn innkaup ríkisins

Ríkið sem upplýstur vistvænn kaupandi

Samþykkt af ríkisstjórn Íslands

27. mars 2009

Úr Innkaupastefnu ríkisins:

„Þeir sem annast innkaup af hálfu ríkisins skulu vinna út frá því að besta mögulega niðurstaða fáiast að teknu tilliti til kostnaðar, tíma og ávinnings. Lægsta verð tryggir ekki nauðsynlega bestu kaup.“

„Við innkaup skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða. Ef vörur eða þjónusta er sambærileg að öðru leyti ber að velja þann kost sem telst síður skaðlegur umhverfinu. Hafa verður í huga að vara sem kostar meira í innkaupum kann að leiða til beins sparnaðar þegar til lengri tíma er litið. Dæmi um þetta eru orkusparandi ljósaperur, sem endast lengur og nota minna rafmagn. Við innkaup á vöru er rétt að athuga hvort hún sé merkt með viðurkenndu umhverfismerki, s.s. merki Evrópusambandsins eða norræna umhverfismerkinu Svaninum.“

Stefna um vistvæn innkaup

Í stefnu um vistvæn innkaup sem ríkisstjórn Íslands hefur nú samþykkt, er sagt fyrir um hvernig samþætta á umhverfissjónarmið góðum innkaupaháttum, við innkaup hjá ríkinu.

Síðustu ár og áratugi hefur vitund manna um mikilvægi umhverfisverndar aukist jafnt og þétt. og er hún samþætt athöfnum og gjörðum okkar allra. Á undanförnum árum hafa löndin á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) unnið að því að efla aðgerðir sem miða að sjálfbærri þróun. Einn þáttur í þeirri eflingu er að auka vægi vistvænna opinberra innkaupa, þ.e. að tekið verði í auknum mæli tillit til umhverfisins við innkaup fyrir hið opinbera. Er í þessari stefnu lagður grunnur að því. Gefin hafa verið út tilmæli af Evrópuráðinu um að settar verði fram aðgerðaáætlunir um vistvæn opinber innkaup. Slíkar áætlanir hafa nú verið samþykktar af ríkisstjórnnum ýmissa þjóða á EES og aðrar eru í mótun. Stefna um vistvæn innkaup ríkisins er jafnframt aðgerðaáætlun Íslands um vistvæn opinber innkaup.


Það er ekki nýtt að ríkið hafi það markmið að taka tillit til umhverfissjónarmiða við innkaup. Í innkaupastefnu ríkisins sem samþykkt var árið 2002 segir m.a. að við innkaup skuli tekið tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða. Í stefnu um vistvæn innkaup ríkisins er þetta útfært nánar svo hægt sé að vinna að þessu markmiði á markvissan hátt. Grunnur innkaupastefnu ríkisins byggir á því að ávalt skuli leitast við að gera hagstæðustu kaup (kölluð *bestu kaup*) þar sem leitast er við að hámarka ávinning með kaupum jafnframt því að lágmarka kostnað. Með vistvænu innkaupastefnunni er markmiðið að leiðbeina með það hvernig umhverfissjónarmið þurfa einnig að koma inn í þessa jöfnu svo þau séu einnig höfð til hliðsjónar við mat á valkostum. Þessi aðferð kallar á að þeir sem annast innkaup fyrir hönd ríkisins afli sér faglegrar þekkingu á umhverfismálum til jafns við þekkingu á innkaupamálum svo stefnan nái fram að ganga. Stýrihópur um vistvæn innkaup hefur starfað um nokkurt skeið að stefnumótun um vistvæn opinber innkaup á Íslandi. Þar hefur verið lögð rík áhersla á samstarf ríkis og sveitarfélaga og hefur stýrihópurinn verið skipaður fulltrúum frá umhverfisráðuneyti, Ríkiskaupum, Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbæ. Stefna þessi byggir á undirbúningsstarfi stýrihópsins þar sem m.a. var tekið mið af því sem best gerist á alþjóðlegum vettvangi við setningu stefnu um vistvæn opinber innkaup og aðgerðaráætlunar um innleiðingu hennar.

Íslenska ríkið kaupir vörur, þjónustu og verk fyrir meira en 100 milljarða króna á ári sem er um fjórðungur af útgjöldum ríkisins. Verði umhverfissjónarmið höfð markvisst til hliðsjónar við þessi innkaup, getur ríkið komið miklu til leiðar í umhverfismálum. Með skýrum kröfum um umhverfissjónarmið stuðlar ríkið að því að markaðurinn bjóði fram nýja og betri valkosti til að mæta kröfum þess um minna álag á umhverfið. Þar sem vitund manna um að vernda þurfi umhverfið eykst ár frá ári um heim allan, getur þessi stefna leitt af sér bættari samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja á alþjóðavettvangi, bregðist markaðurinn við kröfum ríkisins um umhverfisvænni valkosti. Hagsmunir ríkisins og einkamarkaðarins, og þar með samfélagsins alls, fara því tvímælalaust saman þegar kemur að því að taka aukið tillit til umhverfisins við opinber innkaup.

Reykjavík, 27. mars 2009

Fjármálaráðherra,

Umhverfisráðherra,



Efnisyfirlit

Formáli.....	vii
Efnisyfirlit.....	ix
1. Meginþættir stefnu um vistvæn innkaup ríkisins.....	5
Markmið.....	5
Stefna.....	5
Framkvæmd.....	5
Eftirfylgni.....	5
2. Skilgreining og forsendur.....	6
Vistvæn innkaup.....	6
Ávinningur vistvænna innkaupa.....	7
Innleiðing vistvænna innkaupa.....	8
3. Framkvæmd.....	9
1. Stýrihópur um vistvæn opinber innkaup.....	9
2. Vinnuhópur um vistvæn innkaup ríkisins.....	10
3. Aðgerðaáætlun um vistvæn opinber innkaup 2009-2012.....	10
4. Mælanleg markmið.....	11
Viðauki 1: Innleiðing vistvænna innkaupa – Framvindurammi.....	12

1. Meginþættir stefnu um vistvæn innkaup ríkisins

Markmið

Markmið með stefnu um vistvæn innkaup ríkisins er tvíþætt. Annars vegar að minnka umhverfisáhrif opinberra innkaupa og hinsvegar að bæta samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja sem bjóða umhverfisvænni valkosti til að mæta kröfum ríkisins og verða þar með samkeppnishæfari, jafnvel á alþjóðavísu, í ljósi síaukinna krafna um umhverfisvæna kosti.

Stefna

Hornsteinn innkaupastefnu ríkisins er það sem kallað hefur verið *bestu kaup*. Þannig skal alltaf unnið út frá því að besta mögulega niðurstaða fái að teknu tilliti til heildarkostnaðar og ávinnings. Við mat á *bestu kaupum* skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og ávinnings. Ef vörur eða þjónusta er sambærileg að öðru leyti ber að velja þann kost sem telst síður skaðlegur umhverfinu.

Til að stuðla að því að þetta sé gert á faglegan og hagkvæman hátt skulu eftirfarandi þættir innkaupastefnu ríkisins hafðir í huga og hvernig vistvæn sjónarmið eru samþætt þeim gildum:

- **Ábyrgð og gagnsæi:** Lögð verður áhersla á gagnsæi gagnvart markaðnum varðandi kröfur sem ríkið setur fram í umhverfismálum við innkaup. Lögð verður áhersla á að skýra breyttar þarfir ríkisins hvað þennan þátt varðar.
- **Einföldun og skilvirkni:** Þróað verður sameiginlegt verklag og verkfæri sem gera vistvæn innkaup einföld, fagleg og aðgengileg. Samræmd innkaup, t.a.m. rammameningar, auka skilvirkni en við útboð á þeim verður einnig tekið tillit til umhverfissjónarmiða.
- **Menntun og sérhæfing:** Starfsfólk ríkisstofnana fái upplýsingar, fræðslu og faglega ráðgjöf um vistvæn innkaup. Unnið verði markvisst að því að aðstoða ríkisstofnanir við innleiðingu vistvænna innkaupa. Ríkiskaup standa fyrir námskeiðum og fyrirlestrum sviði innkaupa og mun koma að fræðslu á þessu sviði.
- **Efling samkeppnismarkaðar:** Ríkisstofnanir gefi skýr skilaðboð til markaðar um að þær taki tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða við innkaup. Aðeins með þeim hætti getur markaðurinn brugðist við þeim og bætt framboð sitt sem mætir nýjum þörfum. Góð samskipti við aðila markaðarins og gagnsæ vinnubrögð stuðla að virkri samkeppni, auknu vöruúrvali og nýsköpun til að mæta auknum væntingum og kröfum um umhverfissjónarmið.

Framkvæmd

- Ríkið leitar eftir samstarfi við sveitarfélög um að mynda **stýrihóp um vistvæn opinber innkaup**. Stýrihópurinn hefur það hlutverk að vinna að sameiginlegum verkefnum sem styðja við vistvæn opinber innkaup á Íslandi. Áhersla er lögð á að þróa verklag og verkfæri sem gera vistvæn innkaup einföld, fagleg og aðgengileg. Í stýrihópi eru fulltrúar frá umhverfisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og sveitarfélögum.
- Stofnaður verður **vinnuhópur um vistvæn innkaup ríkisins** sem vinnur að verkefnum og ráðgjöf við innleiðingu vistvænna innkaupa hjá ríkisstofnunum. Áhersla er lögð á að fræða og aðstoða ríkisstofnanir við að innleiða vistvæn innkaup á faglegan og hagkvæman hátt. Í vinnuhópi eru fulltrúar frá fjármálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti.
- Stýrihópur og vinnuhópur vinna samkvæmt **aðgerðaáætlun um vistvæn opinber innkaup 2009-2012** markvisst að því að þróa og innleiða vistvæn opinber innkaup á Íslandi.

Eftirfylgni

Stefna um vistvæn innkaup ríkisins er hluti innkaupastefnu ríkisins og því ber fjármálaráðuneytið meginábyrgð á eftirfylgni hennar. Vinnuhópur um vistvæn innkaup ríkisins sér um eftirfylgni með því að markmiðum stefnunnar verði náð. Stýrihópur um vistvæn opinber innkaup þróa mælikvarða um vistvæn opinber innkaup auk yfirfara og aðlaga aðgerðaáætlun með reglubundum hætti.

2. Skilgreining og forsendur

Vistvæn innkaup

Vistvæn innkaup falla vel að góðum innkaupaháttum eins og mælt er fyrir um í innkaupastefnu ríkisins og verða órjúfanlegur hluti hennar þegar innleiðingu þeirra er lokið. Þau eru skilgreind á eftirfarandi hátt í þessari stefnu:

Vistvæn innkaup: Að velja þá vöru eða þjónustu sem er síður skaðleg umhverfinu eða heilsu manna og ber sama eða lægri líftímakostnað samanborið við aðrar vörur og þjónustu sem uppfylla sömu þörf.

Vistvæn innkaup fela því í sér eftirfarandi:

- **Velja vöru eða þjónustu sem er síður skaðleg umhverfinu og/eða heilsu manna.** Þegar keypt er inn, þarf að bera saman þá kosti sem í boði eru m.t.t. til álags á umhverfið, og taka ákvörðun um innkaup m.t.t. þeirra, auk þeirra þátta sem venja er að taka tillit til við innkaup, þ.e. heildarkostnaðar og ávinnings.
- **Velja vöru eða þjónustu sem hefur sama eða lægri líftímakostnað.** Við mat á valkostum í vistvænum innkaupum er tekið mið af líftímakostnaði vörunnar eða þjónustunnar, þ.e. innkaupaverði auk kostnaðar við rekstur, viðhald og förgun. Innkaupaverð eitt og sér segir oft aðeins hálfá söguna um heildarkostnað við innkaupin.
- **Velja vöru eða þjónustu sem uppfyllir þarfir.** Í vistvænum innkaupum er áhersla lögð á að skilgreina þarfir vel og velja þann kost sem uppfyllir þær á sem hagkvæmastan hátt. Þannig styðja vistvæn innkaup vel við almenna góða innkaupahætti sem byggja á hugmyndinni um *bestu kaup*. Greinargóð þarfagreining getur hvatt til nýrra og oft hagkvæmari lausna.

Hvað er umhverfismerki og umhverfisvottun?

Umhverfismerkt vara eða þjónusta uppfyllir tiltekin umhverfisskilyrði sem geta náð til alls lífsferils vörunnar s.s. hráefnisvals, hönnunar, framleiðslu, flutninga, notkunar og förgunar. Áreiðanlegt umhverfismerki byggir á úttekt óháðs aðila. *Dæmi um áreiðanleg umhverfismerki eru norræna umhverfismerkið Svanurinn, umhverfismerki Evrópu-bandalagsins Blómið, Bra miljöväl, Tún og Blái engillinn.*

Fyrirtæki eða hvers konar starfsemi með **vottað umhverfisstjórnunarkerfi** uppfyllir tilteknar kröfur um markvissa stjórnun umhverfisþátta í starfseminni og stöðugar umbætur á frammistöðu í umhverfismálum í samræmi við umhverfisstefnu. Umhverfisstjórnunarkerfi sem byggt er upp samkvæmt ákveðnum stöðlum getur fengið vottun óháðs aðila. *Dæmi um slíka staðla er ISO 14001 og EMAS.*

Umhverfisvottun er vottun óháðs aðila um að kröfur áreiðanlegra umhverfismerkja eða umhverfisstjórnunarkerfa séu uppfylltar.



Ávinningur vistvænna innkaupa

Vistvæn innkaup fela í sér margs konar ávinning fyrir kaupendur, birgja og samfélagið allt. Af þeim má nefna eftirfarandi:

- **Vistvæn innkaup draga úr umhverfisáhrifum.** Það felst í eðli vistvænna innkaupa að dregið verður úr umhverfisáhrifum innkaupa þegar tekið er mið af þeim áhrifum við innkaup, auk kostnaðar og ávinnings.
- **Vistvæn innkaup geta minnkað kostnað og aukið gæði.** Við vistvæn innkaup er lögð áhersla á hagkvæmni í innkaupum sem fer fullkomlega saman við kjarna góðra innkaupahátta, að gera *bestu kaup*.
- **Vistvæn innkaup ríkisins auka framboð á vistvænum vörum og þjónustu sem nýtist samfélaginu í heild og hvetja til nýsköpunar.** Með auknum kröfum um að tekið sé tillit til umhverfisþátta við innkaup, er óhjákvæmilegt að framboð vara sem mætir þeim kröfum aukist. Auknar kröfur hvetja fyrirtæki jafnframt til nýsköpunar og samkeppni um leiðir til að minnka álag á umhverfi og heilsu.

Dæmi um umhverfisskýrði við útboð:

- Kröfur um eiginleika vöru m.a. efnainnihald, endingu, orkunotkun, útblástur, hávaðastig, upplýsingar til notenda og viðhaldsþörf.
- Kröfur um framkvæmd þjónustu m.a. orkunotkun, efnanotkun, þjálfun starfsmanna, flutninga og upplýsingar til notenda.
- Söluaðilar taki aftur við vöru sem tekin er úr notkun eða umbúðum vegna nýrrar vöru.
- Vara eða þjónusta sé merkt með áreiðanlegu umhverfismerki s.s. Svaninum eða Blóminu eða uppfylli sambærilegar kröfur.
- Seljandi þjónustu sem veldur miklu umhverfisálagi hafi umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfylli kröfur ISO 14001 eða sambærilegar kröfur.

Innleiðing vistvænna innkaupa

Skýrir verkferlar við innkaup og skilgreind ábyrgð innkaupafólks eru forsenda þess að hægt sé að innleiða vistvæn innkaup. Þekking á sviði umhverfismála verður að byggjast upp meðal þeirra sem ábyrgð bera á innkaupum svo hægt sé að innleiða upptöku umhverfissjónarmiða við innkaup.

Æskilegt er að innleiða vistvæn innkaup stig af stigi með því að vinna á ýmsum sviðum innan starfsemi hverrar stofnunar. Helstu aðgerðir sem ráðast þarf í eru fræðsla og upplýsingamiðlun til starfsmanna, skapa sameiginleg sýn, móta skýrt og gagnsætt innkaupafæri, halda uppi virkum samskiptum við birgja og sinna eftirfylgni af kostgæfni. Tafla 1 sýnir helstu aðgerðir sem mikilvægar eru við að leggja grunn að vistvænum innkaupum hjá stofnunum (1. stig). Þegar því er lokið er innleiðingunni haldið áfram stig af stigi.

Tafla 1. Helstu aðgerðir sem mikilvægar eru til að leggja grunn að árangursríkum vistvænum innkaupum hjá hinu opinbera. Þetta er kallað 1. stig í innleiðingu vistvænna innkaupa (sjá nánar í viðauka 1).

1. STIG: Að leggja grunn að vistvænum innkaupum	
LYKILSVIÐ	HELSTU AÐGERÐIR
FÓLK: Byggja upp færni, fræðsla og upplýsingar	Lykilfólk í innkaupum hefur fengið fræðslu um vistvæn innkaup. Vistvæn innkaup eru hluti af grunnþjálfun nýrra starfsmanna.
SÝN: Leiða með fordæmi, stefnu-mótun og samskipti	Samkomulag um skýr meginmarkmið í vistvænum innkaupum. Innkaupareglur m.a. um vistvæn innkaup stofnunar samþykktar af æðsta yfirmanni. Markmið og innkaupareglur vel kynntar starfsmönnum og lykilbirgjum.
INNKAUPAFERLI: Fjarlægja hindranir og bæta aðgengi, verkfæri og samþætting	Greining á innkaupum og helstu umhverfisáhrifum hefur verið gerð. Verklag í innkaupum stofnunar vel skilgreint. Tekið er tillit til umhverfisþátta í lykilsamningum við birgja og þjónustuveitendur. Tekið er tillit til umhverfisþátta við mat á <i>bestu kaupum</i> .
BIRGJAR: Grípa tækifærin, virkjun birgja	Greining á lykilbirgjum út frá kostnaði og umhverfisáhrifum hefur verið gerð. Samráð við lykilbirgja við gerð innkaupareglna fyrir stofnunina.
EFTIRFYLGNI: Stöðugar umbætur, mælingar og endurgjöf	Þýðingarmestu umhverfisþættir í innkaupum hafa verið skilgreindir. Einföldum mælikvörðum um alla þætti á stigi 1 hefur verið náð.

3. Framkvæmd


Við innleiðingu þessarar stefnu verður lögð áhersla á eftirfarandi þætti á árunum 2009-2012:

1. Stýrihópur um vistvæn opinber innkaup

Myndaður verður **stýrihópur um vistvæn opinber innkaup** sem vinnur að verkefnum sem styðja við vistvæn innkaup. Áhersla er lögð á að samþætta kröfur um umhverfissjónarmið í innkaupum almennu verklagi við innkaup og búa til verkfæri sem gera vistvæn innkaup einföld, fagleg og aðgengileg. Í stýrihópi eru fulltrúar frá umhverfisráðuneyti, fjármálaráðuneyti og sveitarfélögum. Umhverfisráðuneyti hefur formennsku í stýrihópnum.

Stýrihópur vinnur að gerð og þróun fræðsluefnis og verkfæra. Meðal annars verður opnaður vef fyrir vistvæn innkaup þar sem upplýsingar og verkfæri í vistvænum innkaupum verða aðgengileg. Einnig að þýða og staðfæra samevrópsk umhverfisskilyrði fyrir ýmsa vöruflokka sem höfð verða til hliðsjónar við innkaup. Aukið aðgengi innkaupafólks að umhverfisupplýsingum sem verður komið inn í rafrænt innkaupakerfi ríkisins þegar það verður tekið í notkun. Stýrihópur mun einnig þróa mælikvarða um vistvæn opinber innkaup.

Gert er ráð fyrir að stýrihópurinn sé virkur í alþjóðlegu samstarfi á sviði vistvænna innkaupa og miðli þeim aðferðum sem vel hafa reynst annars staðar.



Mynd 1. Tengsl og verkaskipting milli stýrihóps og vinnuhóps.

2. Vinnuhópur um vistvæn innkaup ríkisins

Stofnaður verður **vinnuhópur um vistvæn innkaup** sem vinnur að verkefnum og ráðgjöf við innleiðingu vistvænna innkaupa hjá ríkisstofnunum. Áhersla er lögð á að fræða og aðstoða ríkisstofnanir við að innleiða vistvæn innkaup á faglegan og hagkvæman hátt. Vinnuhópur starfar í nánnum tengslum við stýrihóp og gert er ráð fyrir að a.m.k. einn fulltrúi sitji bæði í vinnuhópi og stýrihópi til að styrkja tengsl milli hópanna. Í vinnuhópi eru fulltrúar frá fjármálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti. Fjármálaráðuneyti hefur formennsku í vinnuhópnum.

Vistvæn innkaup eru ekki ný af nálinni meðal ríkisstofnana. Fyrir nokkrum árum kom út bæklingur um vistvæn innkaup og kynningar um vistvæn innkaup hafa verið haldnar fyrir innkaupafólk, birgja o.fl. Nokkrar ríkisstofnanir er byrjaðar að prófa sig áfram og þar hafa skapast góð fordæmi um ávinning vistvænna innkaupa.

Áætlað er að vinnuhópurinn vinni markvisst að innleiðingu vistvænna innkaupa hjá ríkisstofnunum. Gert er ráð fyrir að byrjað verði á innleiðingu í nokkrum lykilstofnunum. Reynsla og aðferðir verði svo yfirfærðar yfir á aðrar stofnanir. Við innleiðinguna er lögð áhersla á fræðslu, skýra sýn, samþættingu, virkjun birgja og eftirfylgni. Þannig verði lagður góður grunnur að árangursríkum vistvænum innkaupum og síðan haldið áfram stig af stigi skv. framvinduramma (sjá viðauka 1).

3. Aðgerðaáætlun um vistvæn opinber innkaup 2009-2012

Sett verður fram **aðgerðaáætlun fyrir vistvæn opinber innkaup 2009-2012** sem byggir m.a. á stefnu um vistvæn innkaup ríkisins. Þar kemur fram hvernig áætlað er að þróa og innleiða vistvæn opinber innkaup á Íslandi. Áætlunin verður rýnd árlega og uppfærð eftir þörfum af stýrihópi.

4. Mælanleg markmið

Fáir mælikvarðar eru til um vistvæn innkaup ríkisins, enda er eitt af verkefnum stýrihóps að þróa slíka mælikvarða. Fleiri mælanleg markmið munu því e.t.v. bætast við og tengjast inn í aðgerðaáætlun um vistvæn opinber innkaup sem uppfærð verður árlega. Með stefnu um vistvæn innkaup ríkisins eru sett fjögur mælanleg markmið sem þó er hægt að setja strax um árangur og áherslur til næstu fjögurra ára.

Mælanleg markmið 2009-2012 eru eftirfarandi:

1. Fyrir lok ársins 2009 verði þróaðir skýrir mælikvarðar um efnahagslegan og umhverfislegan ávinning vistvænna opinberra innkaupa. *Ábyrgð: Stýrihópur um vistvæn opinber innkaup / Umhverfisráðuneyti.*
2. Hlutfall útboða á vegum ríkisins þar sem sett verða umhverfisskilyrði¹ verði sem hér segir:
2010: a.m.k. 30% útboða innihaldi umhverfisskilyrði
2011: a.m.k. 60% útboða innihaldi umhverfisskilyrði
2012: a.m.k. 80% útboða innihaldi umhverfisskilyrði
Ábyrgð: Vinnuhópur um vistvæn innkaup ríkisins / Fjármálaráðuneyti.
3. Fyrir 1. mars 2010 ljúki a.m.k. þrjár lykilstofnanir ríkisins 1. stigi við innleiðingu vistvænna innkaupa þ.e. að leggja grunn (sjá kafla 2). *Ábyrgð: Vinnuhópur um vistvæn innkaup ríkisins / Fjármálaráðuneyti.*
4. Fyrir lok ársins 2012 hafi allar ríkisstofnanir (A-hluta) lokið 1. stigi við innleiðingu vistvænna innkaupa þ.e. að leggja grunn (sjá kafla 2). *Ábyrgð: Vinnuhópur um vistvæn innkaup ríkisins / Fjármálaráðuneyti.*

¹ Umhverfisskilyrði eru kröfur og viðmið um umhverfisþætti tengdir þeirri vöru eða þjónustu sem boðin er út og sett eru fram í útboðsgögnum.

Viðauki 1: Innleiðing vistvænna innkaupa – Framvindurammi

Hér má sjá helstu skref við innleiðingu vistvænna innkaupa. Í framvindurammanum eru skilgreindar aðgerðir á fimm lykilsviðum innan hvernar stofnunar: Fólk, sýn, innkaupaferli, birgjar og eftirfylgni. Til að koma á vistvænum innkaupum er árangursríkast að vinna á öllum þessum sviðum samtímis. Stofnunin byrjar á því á leggja grunn og svo er unnið stig af stigi eftir því hvernig hentar best hverju sinni. Framvinduramminn byggir í aðalatriðum á aðferðafræði vistvænna innkaupa í Bretlandi.²

Innleiðing vistvænna innkaupa		Stig 1	Stig 2	Stig 3	Stig 4	Stig 5
		Leggja grunn	Sambætta	Iðka	Efla	Leiða
LYKILSVIÐ	FÓLK: Byggja upp færni, fræðsla og upplýsingar	Lykilfólk í innkaupum hefur fengið fræðslu um vistvæn innkaup. Vistvæn innkaup eru hluti af grunnþjálfun nýrra starfsmanna.	Allt innkaupafólk hefur fengið grunnþjálfun í vistvænum innkaupum. Lykilfólk í innkaupum hefur fengið framhaldsþjálfun í meginreglum vistvænna innkaupa.	Markviss sí- og endurmenntun á nýjungum í vistvænum innkaupum. Frammistöðumat taki tillit til þátta er viðkoma vistvænum innkaupum. Innleiðing á einföldu hvatakerfi.	Vistvænir þættir teknir inn í mat á tilboðum og hæfiskröfur bjóðenda. Vistvæn innkaup partur af nýliðafraeðslu starfsmanna.	Árangurstölur birtar og nýttar til að laða að fagfólk í innkaupum. Árangurstengd, innri sem ytri hvataverðlaun. Áhersla á árangur til sparnaðar. Vönduðum vinnubrögðum deilt með öðrum stofnunum.
	SÝN: Leiða með fordæmi, stefnumótun og samskipti	Samkomulag um skýr meginmarkmið í vistvænum Innkaupum stofnunarinnar. Innkaupareglur m.a. um vistvæn innkaup stofnunarinnar samþykktar af æðsta yfirmanni. Markmið og innkaupareglur vel kynntar starfsmönnum og lykilbirgjum.	Innkaupareglur um vistvæn innkaup upp færðar og eflar, einkum varðandi samstarf við birgja. Gengið úr skugga um að reglur séu í samræmi við viðtækari stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun. Reglum miðlað til starfsfólks, birgja og helstu hagsmunaaðila.	Innkaupaáætlun gerð sem útvíkkun á reglum um vistvæn innkaup þannig að hún taki á þáttum eins og áhættumati, innleiðingu ferla, markaðssetningu, birgjasamstarfi, mælingum og endurskoðunarferli. Innkaupaáætlun er fylgt eftir af yfirstjórn.	Endurskoðun og úrbætur á innkaupaáætlun vistvænna innkaupa sérstaklega með tilliti til tækninýjunga og nýsköpunarmöguleika. Tenging vistvænna innkaupaáætlunar við umhverfisstjórnunarkerfi og almenna stefnu stofnunarinnar.	Innkaupaáætlun er endurskoðuð reglulega, og tengist beint við umhverfisstjórnunarkerfi stofnunarinnar. Stefna um vistvæn innkaup ríkisins, samþykkt af stjórnvöldum er vel kynnt. Nákvæm greining á framtíðarþörfum og ný áætlun unnin út frá þeim.
	INNKAUPAFERLI: Fjarlægja hindranir og bæta aðgengi, verkfæri og samþætting	Greining á innkaupum og helstu umhverfisáhrifum hefur verið gerð. Verklag í innkaupum stofnunar vel skilgreint. Lykilsamningar fela í sér umhverfisskýrði. Samningar metnir eftir bestu kaupum en ekki eingöngu lágsta verði.	Nákvæm greining á innkaupum gerð, helstu umhverfisáhættur metnar og notaðar við forgangsörðun. Tillit tekið til umhverfisþátta snemma í innkaupaferli flestra samninga. Líftímakostnaður metinn og tillit tekið til hans við innkaup.	Allir samningar endurskoðaðir til að meta áhættu vegna umhverfisþátta og aðgerðir til mótvægis formaðar. Virk áhættustjórnun í öllu innkaupaferlinu. Skýr markmiðasetning með lykilbirgjum varðandi umhverfisþætti.	Nákvæmt áhættumat umhverfisþátta í stærstu lykilsamningum. Vistvæn sjónarmið til staðar í verkefna- og samningsstjórnun. Líftímakostnaður tekinn inn í kostnaðarmat.	Líftímakostnaður hefur verið greindur fyrir lykilveruflokkna. Sameiginlegir mælikvarðar um vistvæn innkaup fyrir kaupendur og seljendur. Árangurstengd verðlaun eða vitar. Hindranir f. vistvænum innkaupum hafa verið yfirstignar. "Best practice" er deilt með öðrum stofnunum.
	BIRGJAR: Grípa tækifærin, virkjun birgja	Greining á lykilykjum út frá kostnaði og umhverfisáhrifum hefur verið gerð. Samráð við lykilykja við gerð innkaupareglna fyrir stofnunina.	Nákvæm greining á innkaupum við birgja. Unnið eftir áætlun um samstarf við birgja, þar sem yfirmaður er þátttakandi.	Skýr markmið í samstarfi við birgja til staðar sem eykur vægi umhverfisþátta. Gagnvirk, hvetjandi samskipti milli kaupenda og seljenda byggð á hagrænum hvötum. Virk aðfangastjórnun vegna lykilykjanna.	Lykilykjur valdir með tilliti til náins samstarfs. Mat á umhverfisþáttum og aðgerðir til bætrar aðfangastjórnunar. Árangur er mældur og skráður. Yfirstjórn er þátttakandi í birgjasamstarfi.	Birgjavaliðurkennt sem grunnþáttur í vistvænni innkaupaáætlun. Áframhaldandi þátttaka yfirstjórnar í birgjasamstarfi. "Best practice" er deilt með öðrum stofnunum. Birgjar finna að þeir verða að vinna að stöðugum umbótum í umhverfisstarfi til að halda viðskiptum.
	EFTIRFYLGNI: Stöðugar umbætur, mælingar og endurgjöf	Þýðingarmestu umhverfisþættir í innkaupum hafa verið skilgreindir. Einföldum mælikvörðum um alla þætti á stigi 1 hefur verið náð.	Nákvæm úttekt á umhverfisáhrifum innkaupa hefur verið gerð. Mælikvarðar skilgreindir til að stjórna helstu áhættu- og áhrifaþáttum.	Mælikvarðar vistvænna innkaupa þróaðir frá því að tengjast almennum mælikvörðum stofnunarinnar í að tengjast ákveðnum innkaupaáðilum og settum markmiðum. Einföldum mælikvörðum um alla þætti á stigi 3 hefur verið náð.	Lykiltölur innleiddar með skorkorti (BSC) fyrir innri og ytri þætti. Samanburður milli stofnana. Áætlaður ávinningur af vistvænum innkaupum kunngerður. Einföldum mælikvörðum um alla þætti á stigi 4 hefur verið náð.	Lykiltölur nýttar til að framfylgja vistvænni innkaupaáætlun. Árangur borinn saman við sambærilegar stofnanir. Sýnilegur ávinningur af vistvænum innkaupum. Skýrslur óháðs endurskoðanda þess efnis eru aðgengilegar öðrum stofnunum. Einföldum mælikvörðum um alla þætti á stigi 5 hefur verið náð.

² HM Government. 2007. *UK Government Sustainable Procurement Action Plan – Incorporation the Government response to the report of the Sustainable procurement Task Force.*